



Reykjavík, 18. mars 2024

MSS24030093

Borgarráð

Tillögur vegna aðalfundar Félagsbústaða hf.

Lagt er til að borgarráð samþykki að á aðalfundi Félagsbústaða, sem haldinn verður 26. mars nk., verði tillögur nr. 4 og 5 samkvæmt hjálögðum gögnum, varðandi annars vegar ákvörðun um meðferð og niðurstöðu rekstrarreiknings og hins vegar greiðslur til stjórnarmanna, samþykktar.

Greinargerð:

Boðað hefur verið til aðalfundar í Félagsbústöðum hf. þriðjudaginn 26. mars 2024 í samræmi við 14. gr. samþykpta félagsins dags. 28. maí 2020. Samkvæmt 13. gr. er æðsta vald í málefnum félagsins í höndum lögmætra hluthafa. Í samræmi við lið 4.4 í Almennri eigandastefnu Reykjavíkurborgar þarf samþykki borgarráðs til beitingar réttinda eigandafyrirsvars vegna framlagðra tillagna.

Eftirfarandi tillögur verða lagðar fram til afgreiðslu á aðalfundi Félagsbústaða 26. mars 2024:

3. Stjórnarkjör
4. Ákvörðun um meðferð og niðurstöðu rekstrarreiknings
5. Greiðslur til stjórnarmanna

Tilnefningarnefnd leggur fram tilnefningar í kjör stjórnar og varastjórnar Félagsbústaða hf. fyrir borgarráð.

Lagt er til að tillögur nr. 4 og 5. verði samþykktar.

Einar Þorsteinsson
borgarstjóri

Hjálagt:

Fundarboð aðalfundar Félagsbústaða 26. mars 2024.

Ákvörðun um meðferð og niðurstöðu rekstrarreiknings.

Þóknun stjórnarmanna Félagsbústaða hf. fyrir komandi starfsár.



Reykjavík



Reykjavík 12. mars 2024

Fundarboð aðalfundar Félagsbústaða hf. 2024

Aðalfundur Félagsbústaða hf. 2023 verður haldinn þriðjudaginn 26. mars nk. kl. 15. á skrifstofu Félagsbústaða Þönglabakka 4.

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar
2. Ársreikningur félagsins lagður fram til samþykktar
3. Stjórnarkjör
4. Ákvörðun um meðferð og niðurstöðu rekstrarreiknings
5. Greiðslur til stjórnarmanna
6. Umræður og atkvæðagreiðslur um málefni sem löglega eru upp borin

f.h. stjórnar Félagsbústaða,

Virðingarfyllst,

Sigrún Árnadóttir,
frankvæmdastjóri

Sent hluthöfum Einari Þorsteinssyni borgarstjóra og Rannveigu Einarsdóttur sviðsstjóra velferðarsviðs, auk borgarfulltrúa og varaborgarfulltrúa sem rétt eiga til setu á fundinum skv. 14. gr. samþykktá félagsins.

Aðalfundur Félagsbústaða hf. haldinn 26. mars 2024

4. dagskrárliður:

DRÖG

Ákvörðun um meðferð og niðurstöðu rekstrarreiknings

Tillaga stjórnar vegna ákvörðunar um meðferð og niðurstöðu rekstrarreiknings

„Stjórn leggur til að öllum hagnaði af rekstri félagsins á árinu 2023 verði varið til hækkunar á eigin fé félagsins til samræmis við skýringu í ársreikningi félagsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Stjórnin leggur jafnframt til með vísan til 7. gr. samþykka Félagsbústaða hf. að enginn arður verði greiddur til eigenda félagsins.“

F. h. stjórnar Félagsbústaða



Haraldur Flosi Tryggvason

Aðalfundur Félagsbústaða hf. haldinn 26. mars 2024

5. dagskrárliður: Þóknun til stjórnarmanna fyrir komandi starfsár

Tillaga að þóknun til stjórnarmanna fyrir komandi starfsár:

Stjórnarlaun skulu samsvara flokki 2 í launakerfi fastra nefnda hjá Reykjavíkurborg.

f. h. stjórnar Félagsbústaða



Haraldur Flosi Tryggvason, formaður